BYGGÐASTOFNUN
Sauðármýri 2
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

# Aflamark Byggðastofnunar

## Samkomulag um aukna byggðafestu á Hólmavík

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 500 þorskígildistonna aflamarks Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2023/2024 samkvæmt 4. grein og umsókn aðila sem er fylgiskjal með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Hólmavík. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Hólmavík dags. 11. mars 2024 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 27. mars 2024.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt. 450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki.
- Vissa útgerð ehf. kt. 610621-2360, Lækjartún 17, 510 Hólmavík.
- Von harðfiskverkun ehf. / Von Iceland kt. 490902-3170 Eyrartröð 11, 220 Hafnarfjörður.
- Fiskmarkaður Hólmavíkur ehf. kt. 580394-2139, Hafnarbraut 14B, 510 Hólmavík.
- Æður ehf. kt. 670188-2489 Borgabraut 2, 510 Hólmavík.
- Gráðuvík sf. kt. 490204-4460 Víkurtún 16, 510 Hólmavík
- Sævík ehf. kt. 510313-0540 Austurtún 1, 510 Hólmavík
- Gíslabali ehf. kt. 410617-0720 Miðtúni 3, 510 Hólmavík.
- Gámaþjónusta Hólmavíkur ehf. 450702-2340 Vitabraut 13, 510 Hólmavík.
- Hafvík ehf. kt. 430701-2030 Hafnarbraut 17, 510 Hólmavík
- Steinunn frá Naustvík ehf. kt. 441215-0370 Lækjartún 2, 510 Hólmavík.
- Dráttur ehf. kt. 450100-3150 Víkurtún 16B, 510 Hólmavík.
- Hafþór Torfason kt. 190794-3859, 510 Hólmavík

1.

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu á Hólmavík. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Hólmavík.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárið 2023/2024. Við lok samningstíma verður lagt mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem matvælaráðuneytið úthlutar til aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Samstarfsaðilar sem nefndir eru hér að ofan eru útgerðir á Hólmavík sem munu sjá um hráefnisöflun fyrir vinnslu á Hólmavík. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 11. mars 2024.

4.

Byggðastofnun leggur til 500 þorskígildistonna aflamark af aflamarki Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2023/2024. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna í fiskvinnslu á Hólmavík að minnsta kosti 500 þorskígildistonn af bolfiski á fiskveiðiárinu 2023/2024.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðar nr. 643/2016 verið brotin sbr. 9. grein hennar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

9.

Vegna eftirlits með framkvæmd gildandi samninga aðila um aukna byggðafestu á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 er Byggðastofnun nauðsynlegt að fá aðgang að ákveðnum upplýsingum úr gagnagrunni Fiskistofu. Með vísan til 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 veita samningsaðilar samnings um aukna byggðafestu (aflamark Byggðastofnunar) á Hólmavík, Byggðastofnun hér með umboð til að fá þær upplýsingar úr gagnagrunni Fiskistofu sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlits með samningi þessum á því formi sem sérfræðingar beggja stofnana koma sér saman um.

10.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

**Hólmavík 15. apríl 2024**

f.h. Byggðastofnunar

Björk Ingvarsdóttir

f.h. Vissu ehf.

f.h. Vonar harðfiskverkunar ehf.

f.h. Fiskmarkaðs Hólmavíkur ehf.

f.h. Æðurs ehf.

f.h. Gráðuvíkur sf.

f.h. Sævíkur ehf.

f.h. Gíslabala ehf.

f.h. Gámaþjónustu Hólmavíkur ehf.

f.h. Hafvíkur ehf.

f.h. Steinunnar frá Naustvík ehf.

f.h. Dráttar ehf.

Hafþór Torfason

Vottar að réttri undirskrift (nafn og kt.)

100867-5919

2102754449